

Hlutverk iðjuþjálfála í meðferð offitu

Lilja Ingvarsson og Björg Þórðardóttir
Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS

Inngangur:

Rannsókn er hluti af B.Sc. verkefni Bjargar Þórðardóttur iðjuþjálfála við Háskólann í Lundi í Svíþjóð. Æ fleiri fullorðnir einstaklingar leita sér meðferðar vegna offitu. Á Reykjalundi er meðferð við offitu veitt af þverfaglegu teymi sem skipað er læknum, hjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfála, sjúkraþjálfara, heilsuþjálfara, næringarfræðingi, sálfræðingi og félagsráðgjafa. Í Skandinavíu og Evrópu er ekki algengt að iðjuþjálfun sé hluti af meðferð við offitu en er á hinn bóginn vel þekkt úrræði í BNA og Kanada. Því er sérlega áhugavert að skoða þátt iðjuþjálfunar í þessari meðferð.

Markmið:

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hver reynsla skjólstæðinga næringar-og offituteymis Reykjalundar er af iðjuþjálfun.

Aðferð:

Eigindleg aðferðafræði er notuð við rannsóknina, þar sem sex skjólstæðingar, 4 konur og 2 karlar, tóku þátt í rýnihóp. Úrtakið fyrir þessa rannsókn var þægindaúrtak sem valið var af iðjuþjálfála næringar-og offituteymi Reykjalundar. Leitast var við að þátttakendur væru lýsandi fyrir skjólstæðinga offituteymis hvað varðar aldur og kyn. Skjólstæðingar þurftu að hafa lokið fyrri hluta meðferðar og hafa hitt iðjuþjálfála á göngudeild við undirbúning meðferðar í eitt eða fleiri skipti. Umræðurnar í rýnihópnum voru teknar upp á segulband og athugandi (observant) skráði hjá sér athugasemdir. Umræðurnar voru skrifaðar niður frá orði til orðs og kóðaðar og greindar.

Niðurstöður:

Megin niðurstöður úr rýnihópnum má skipta í 5 þemu: a) þátttakendur höfðu litla þekkingu á iðjuþjálfun áður en þeir komu í offitu-og næringarteymið, b) mikilvægi þess að skipuleggja virkni og þátttöku þegar takast á við breytingar á lífsstíl, c) innsæi í markmiðssetningu og forgangsröðun (mikilvægra athafna), d) ánægjuleg upplifun af þátttöku í handverkshóp og e) mikil þörf skjólstæðinga fyrir stuðning þegar þeir eru eingöngu í tengslum við Reykjalund gegnum göngudeild.

Umræða:

Rýnihópar njóta vaxandi vinsælda við rannsóknir innan félags-og heilbrigðisvísinda, en þá er hópur eða hópar af einstaklingum sem hafa sameiginlega þætti myndaðir og skoðuð viðhorf og reynsla þeirra varðandi ákveðið viðfangsefni. Þetta er góð leið til að skoða þjónustu þá sem veitt er. Hún samrýmist hugmyndafræðinni um skjólstæðingsmiðaða nálgun – að hlusta á skjólstæðinginn og gefa honum tækifæri til að hafa áhrif á þjónustuna. Áhugavert væri að endurtaka rannsókn með þessu sniði til að skoða t.d. hvort önnur þemu kæmu fram og hvort þjónustan hefur færst nær óskum skjólstæðinganna.